

Nd.

487. Nefndarálit

[101. mál]

um frv. til laga um virkjun Hvítár í Borgarfirði.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Eftir að hafa skoðað málið og kynnt mér umfjöllun þess í Ed. legg ég til að Alþingi vísi frv. um virkjun Hvítár í Borgarfirði til ríkisstjórnarinnar, í trausti þess að hagkvæmni virkjunarinnar verði rannsökuð frekar, en málið síðan lagt á ný fyrir Alþingi ef niðurstöður frekari rannsókna verða jákvæðar.

Meiri hluti nefndarinnar leggur hins vegar til að frumvarpið verði samþ., en hefur þó í nefndaráliti sínu fyrirvara um frekari rannsóknir á hagkvæmni virkjunarinnar og viðurkennir þar með í reynd að málið hefur ekki hlotið þann undirbúning sem nauðsynlegur er.

Alþingi, 20. apríl 1977.

Sigurður Magnússon.